
Sjálfsmatsskýrsla 2012 – 2013



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



Efnisyfirlit

1 - Inngangur	3
2 - Lýsing á starfsemi skólans.....	4
2.1 Markmið/hlutverk.....	4
2.2 Sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar	4
2.3 Umfang skólans skólaárið 2012 - 2013.....	5
2.3.1 Nemendur.....	5
2.3.2 Starfsfólk.....	5
2.3.3 Kennslustundir og áfangar	5
3 - Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar	6
3.1 Greining á tölulegum gögnum	6
3.1.1 Kennarar	6
3.1.2 Nemendur.....	7
3.2 Kannanir.....	7
3.2.1 Kennslumat.....	7
3.2.2 Viðhorfskönnun útskriftanema vor 2011, 2012 og 2013	8
3.2.3 Viðhorfskönnun brautskráðir nemendur vorið 2012	17
3.2.4 Gæðagreinar - (How good is our school?)	21
3.2.5 Matsferlið.....	22
3.2.6 Áætlun um sjálfsmat MB	22
3.2.7 Gæðagreinar á skólaárinu 2012-2013.....	24
3.2.8 Matsfundir.....	42
3.2.9 Skólafundur	44
3.3 Skýrslur	45
3.3.1 Námsráðgjöf.....	45
3.3.2 Fagstjórn.....	45
4 - Samantekt og næstu skref	46
5 - Lokaorð.....	46
Fylgiskjöl.....	47

1 - Inngangur

Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr. :

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Tilgangurinn með sjálfsmati er því fyrst og fremst að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat í MB er greint frá markmiðum og stefnu skólans ásamt vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2012 - 2013.

2 - Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Markmið/hlutverk

Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru:

- Að bjóða nemendum upp á vandað og traust nám til stúdentsprófs og annarra skilgreindra námsloka að loknu grunnskólanámi.
- Að bjóða nemendum upp á nám sem hentar þörfum hvers og eins.
- Að nemendur njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs.
- Að námið veiti bæði fræðilega og hagnýta þekkingu.
- Að styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleði og vinnuanda.
- Að efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda.
- Að velja hæfustu kennara hverju sinni.
- Að veita kennurum svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi.
- Að fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála.
- Að fylgjast vel með notkun upplýsingatækni í skólastarfi.
- Að starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.
- Að skapa gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.
- Að fjármál og rekstur skólans einkennist af gagnsæi og jafnvægi.
- Að nota innra mat með markvissum hætti til umbóta í skólastarfi.

Leiðarljós MB er **sjálfstæði - færni - framfarir**.

2.2 Sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu með eftirfarandi hætti:

- Nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum.
- Skólaárið er 184 starfsdagar nemenda.
- Formleg annarpróf í desember og maí eru ekki til staðar.
- Leiðsagnarmat er viðhaft í öllum áföngum.
- Nemendur fá endurgjöf á nám sitt og vinnu á fimm vikna fresti (Vörður).
- Verkefnamiðað nám.
- Allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum.

- Skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu.

2.3 Umfang skólans skólaárið 2012 - 2013

2.3.1 Nemendur

Nemendur sem innrituðust í skólann haustið 2012 voru 155 og á vorönn 2013 voru þeir örlítið færri eða 139 nemendur. Á vorönn 2013 voru brautskráðir 23 nemendur frá MB.

2.3.2 Starfsfólk

Á haustönn 2012 starfa við skólann 14 kennarar, tveir stjórnendur, einn fjármálastjóri, tveir fagstjórar (sem jafnframt eru kennarar), einn umsjónarmaður starfsbrautar (kennari líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður, stuðningsfulltrúi, húsvörður, matráður og ræstitæknir. Heildarfjöldi starfsmanna er 24.

2.3.3 Kennslustundir og áfangar

Taflan hér að neðan sýnir fjölda áfanga, hópa og kennslustunda skólaárið 2012 – 2013.

Tafla 1 - fjöldi kenndra áfanga, hópa og kennslustunda 2012 - 2013


	Haust 2012			Vor 2013		
	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Íslenska	2	4	24	2	3	16
Stærðfræði	4	5	30	4	5	30
Erlend tungumál	4	7	42	6	8	48
Samfélagsgreinar	7	9	44	5	7	34
Náttúrufræðigreinar	5	5	26	6	6	36
Viðskiptagreinar og upplýsingatækni	3	4	20	3	3	14
Íþróttagreinar	2	2	10	3	3	16
Heilsurækt	6	6	7	6	6	7
Samtals	33	42	203	35	41	201

3 - Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

3.1 Greining á tölulegum gögnum

3.1.1 Kennarar

Menntun kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar er nokkuð góð. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi eða eru í réttindanámi. Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunar.



Mynd 1. Menntun kennara 2007 – 2013.


Á mynd 1 má sjá að menntun kennara hefur örlítið breyst á milli ára.

Þess má geta að tveir kennarar skólans eru í meistarnámi með kennslunni. Kennarar hafa einnig verið duglegir að sækja styttri námskeið á vegum eða í samvinnu við fagfélög.

Kynjaskipting meðal kennara MB hefur verið ójöfn þar sem færri karlmenn en konur hafa kennt við skólann þau ár sem hann hefur starfað.

3.1.2 Nemendur

Þeir nemendur sem innritast í MB eru í flestum tilfellum með lögheimili í Borgarbyggð eða um 98% nemenda. Hér fyrir neðan má sjá tölur um fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig eftir önnum. Haustið 2012 jókst námsframboð skólans, innan félagsfræða- og náttúrufræðibrauta er hægt að velja íþróttasvið og búfræðisvið.



Mynd 2. Fjöldi nemenda eftir brautum.

Á mynd 2 má sjá að nemendafjöldi á hverri námsbraut skólans er breytilegur á milli anna en flestir nemendur eru á félagsfræðibraut skólans.

Skipting nemenda í Menntaskóla Borgarfjarðar eftir kynjum er 46% drengir og 54% stúlkur.

3.2 Kannanir

3.2.1 Kennslumat

Framkvæmd

Frá því að Menntaskóli Borgarfjarðar hóf starfsemi haustið 2007 hefur verið framkvæmt viðamikil kennslumat. Strax í upphafi var ákveðið að sama kennslumatskönnunin skildi vera lögð fyrir í þrjú ár til þess að fá marktækan samanburð á milli anna. Vorið 2010 lauk þessu þriggja ára tímabili.

Kennslukönnunin, sem nú er með breyttu sniði, var lögð fyrir nemendur. Könnunin fór fram rafrænt í lok haust- og voranna í tölvupósti í gegnum Survey Monkey. Nemendur svöruðu 9 almennum spurningum um námið með valmöguleikunum: Mjög ósammála, frekar ósammála, í lagi, frekar sammála og mjög sammála.

Niðurstöður

Ef svör þeirra sem tóku afstöðu eru tekin saman þar sem nemendur voru frekar sammála eða mjög sammála og þeirra sem voru frekar ósammála eða mjög ósammála og borin saman þessar tvær annir kemur eftirfarandi í ljós.

Spurningar	H12	V13	H12	V13
	Frekar eða mjög sammála		Frekar eða mjög ósammála	
Mér líður vel í kennslustundum	85%	83,3%	1,3%	4,7%
Námið er fjölbreytt	51%	59,5%	16%	14,3%
Námið er áhugavert/skemmtilegt	51%	64,3%	1,3%	4,7%
Kennarinn nýtir sér Moodle við kennsluna	59%	64,3%	4%	7%
Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	49%	34%	12%	19,5%
Kennari ýtir undir áhuga minn á námsefninu	45%	45%	19%	23%
Kennarinn fylgir kennsluáætlun og lætur nemendur vita ef hún breytist	64%	69%	9%	12%
Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluna - nemandi	76%	80,5%	2,7%	2,5%
Ég er ánægð(ur) með námsmat skólans - nemandi	75%	74%	2,7%	7%

Af þessum niðurstöðum má vera ljóst að flestir þættir skólastarfsins hafa batnað á milli anna þó alltaf megi gera betur.

3.2.2 Viðhorfskönnun útskriftanema vor 2011, 2012 og 2013



Framkvæmd



Á vorönn 2011, 2012 og 2013 var lögð viðhorfskönnun fyrir útskriftarnemendur skólans.



Nemendur voru beðnir að svara 18 spurningum sem vörðuðu m.a. nám í MB, framtíðaráform nemenda, samskipti og ýmsa þjónustu skólans. Könnunin 2013 var með örlitlu breyttu sniði tvær spurningar voru teknar út vegna breytinga á tölvuleigu. Könnunin var lögð fyrir alla útskriftarnema og var þátttaka 88,5% vorið 2011, 80,25%



vorið 2012 og 91% vorið 2013.



Niðurstöður























17. Nemendur voru spurðir: “Hvaða einkunn gæfir þú MB (á skalanum 1 -10)? “



Niðurstöður voru þær að meðaleinkunn fyrir skólann var 8,0 (2011), 8,12 (2012) og 7,81 (2013).

3.2.3 Viðhorfskönnun brautskráðir nemendur vorið 2012

Framkvæmd


Á vorönn 2013 var viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur sem brautskráðust frá MB vorið 2012. Nemendur voru beðnir að svara 11 spurningum um kennsluna, námið og skólann. Svarhlutfall var 50%. Af þeim sem svöruðu voru 70% stelpur og 30% strákar.

Niðurstöður




Í spurningu 4 var spurt um á hvaða sviði nemendur stunduðu nám. Nemendur voru í mjög fjölbreyttu námi; heilbrigðisvísindum, hugvísindum, viðskiptafræði, tölvunarfræði, fatahönnun og landbúnaði.


5) Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um nám í MB?



6) Hversu vel eða illa telur þú þig hafa verið undirbúin/n í eftirtöldum námsgreinum fyrir háskólanám?




7) Hversu mikilvæg eða lítilvæg voru eftirtalin atriði þegar þú valdir að fara í MB?




8) Nemendur voru spurðir um aðrar ástæður fyrir vali á MB. Fáir tiltóku önnur atriði. Þriggja ára nám var nefnt sem ástæða og gott skipulag námsins.


9) Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með að hafa valið MB?




**10) Hversu sammála eða ósammála ertu því að
kennsla í MB hafi almennt verið góð?**




**11) Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir
mæla með námi í MB við vini eða kunningja?**



**12) Ert þú með einhver ráð sem þú myndir vilja
gefa MB til að skólinn styrki stöðu sína til
fram tíðar?**



13) Er eitthvað annað sem þér finnst skipta máli fyrir stjórnendur skólans að vita og gæti nýst til að bæta skólann enn frekar?



3.2.4 Gæðagreinar - (How good is our school?)

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst í haustið 2010 með því að teknir voru upp svokallaðir *Gæðagreinar* (e. *How good is our school?*).

Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Gæðagreinar eru ennfremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkaninu byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í ný lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjá meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta. Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfsskannanir meðal nemenda, starfsfólks og foreldra, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Mikil vinna felst í því að fara yfir alla gæðagreinana og aðlaga þá að starfsemi skólans. Nú þegar hafa sjö undirþættir verið aðlagðir en tveir þættir eru í vinnslu. Fjórir undirþættir hafa verið greindir og metnir. Eftir greiningu þeirra þátta sem mældir eru hverju sinni er gerð umbótaáætlun. Sjálfsmatsáætlunin nær yfir þrjú ár og endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur skólastarfsins er metinn þriðja hvert ár.

3.2.5 Matsferlið

Matsferlið var sett upp í hring með nokkrum þrepum (sjá mynd 1). Matsferlið er sett fram sem hringur til að leggja áherslu á að mat er ferli sem lýkur ekki í eitt skipti fyrir öll heldur er það notað í sífelli ár eftir ár. Þegar búið er að meta einhverja þætti í skólastarfinu og gera umbótaáætlun sem byggir á þeim niðurstöðum, þarf að meta hvernig til hefur tekist og svara fleiri spurningum sem vaknað hafa á matsferlinu.



Mynd 1 - Matsferlið

3.2.6 Áætlun um sjálfsmat MB

Sjálfsmatsteymið setti niður áætlun um sjálfsmat í MB til fjögurra ára. Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfsskannanir meðal nemenda og starfsfólks, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Áætlun um fjálfsmat Menntaskóla Borgarfjarðar 2010-2014

	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014
Lykilþáttur						x		
1. Námið								
Gæðagreinir						x		
1.1 Námsbrautir		I				x		
1.2 Námsframboð/áfangar		N				x		
1.3 Námskröfur og ðæglur		N				x		
1.4 Stundun og vinnnaheimenda		L				x		
		E						
Lykilþáttur:		I						
2. Þjónusta við heimendur		Þ		x				
Gæðagreinir		I						
2.1 Náms- og starfsráðgjöf		N		x				
2.2 Skrifstofa		G		x				
2.3 Ölvuþjónusta				x				
2.4 Upplýsingagildiheimasíðu				x				
2.5 Mötuneyti				x				
Lykilþáttur:								
3. Áhrif starfsfólks á skólastarfið		x						
Gæðagreinir								
3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans		x						
Lykilþáttur:								
4. Skólanámskrá				x				
Gæðagreinir								
4.1 Skólanámskrá				x				
Lykilþáttur:								
5. Mat og kennsluögn námi			x					
Gæðagreinir								
5.1 Mat og þágu náms/leiðsagnarmat			x					
5.2 Mat og kennslu			x					
Lykilþáttur:								
6. Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál					x			
Gæðagreinir								
6.1 Stefnumótun/áætlanagerð					x			
6.2 Fjármál					x			
Lykilþáttur:								
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk							Þvinnslu	
Gæðagreinir								
Lykilþáttur:								
8. Samstarf					x			
Gæðagreinir								
8.1 Foreldrar					x			
8.2 Er lendað samkipti					x			
8.3 Innlendað samkipti					x			
8.4 Nefndir og ráð					x			
Lykilþáttur:								
9. Forysta og stjórnun								Þvinnslu
Gæðagreinir								

3.2.7 Gæðagreinar á skólaárinu 2012-2013

Vinna við aðlögun gæðagreina hefur gengið nokkuð vel. Lokið er vinnu við sjö af níu gæðagreinum. Fyrstu fundir haustsins fóru í að skoða vel áætlun um sjálfsmat til næstu ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir að skoða alla þætti skólastarfsins á þessu tímabili og leggja auk þess sérstaka áherslu á kennslumat og viðhorfakannanir af ýmsu tagi. Á haustönninni var samhliða gæðagreinum unnið að þróun vinnu matshópa meðal nemenda.

Matsfundur með þátttöku starfsfólks var einn á haustönn 2012. Á fundinum skoðuðu og mat starfsfólk fullyrðingar sem tengdust lykilþáttum 6 (stefnumótun, áætlanagerð og fjármál) og 8 (samstarf) og gáfu þeim einkunnir. Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður og kynnti niðurstöður bæði á fundi með fagstjórum og skólameistara svo og starfsmannafundi. Í framhaldi af þeim fundum var unnin þróunaráætlun eða umbótaáætlun. Í þeirri áætlun koma fram hugmyndir að endurbótum og einnig hverjir eru ábyrgðaraðilar þannig að unnið sé að umbótum.

Á vorönn 2013 var einn matsfundur með þátttöku kennara og var fyrirkomulag svipað þ.e. kennarar skoðuðu og mátu fullyrðingar sem tengdust lykilþætti 1 (námið). Niðurstöður matsins voru kynntar á kennarafundi, ásamt tillögum að umbótaáætlunum.

Lykilþáttur 6: Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál

Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Gæðagreinir 6.1

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Stjórnendur - greiður aðgangur að þeim og þeir talsmenn samskipta og samráðs.
- ✓ Opin samskipti - opin stjórnun.
- ✓ Mikið samráð og gott aðgengi að yfirmönnum
- ✓ Smæð og fámenni - nán samskipti.

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Stefnumótun ekki nógu ljós.
- ✓ Kannski of nán samskipti vegna smæðar skólans - gætu valdið árekstrum.
- ✓ Starfsfólk er lítið vart við foreldrafélag (nema á starfsbraut).
- ✓ Lítil fjölbreytni.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ „Þjóðfundur“ með öllum hagsmunaaðilum.
- ✓ Halda áfram á sömu braut.

Lykilþáttur 6: Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál

Fjármál

Gæðagreinir 6.2

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Vel haldið utan um fjármál.
- ✓ Fjármagni vel varið í þágu uppbyggingar náms.
- ✓ Traustur fjárhagur og fjármálastjórn.
- ✓ Góð fjármálastjórn.

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Minni tölvuþjónusta en áður.
- ✓ Við þyrftum að fjármagna meira varðandi endurmenntun kennara.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Betri tölvuþjónusta.
- ✓ Að upplýsingamiðlun varðandi fjármál verði áfram góð.
- ✓ Hlúa að þróunarstarfi, t.d. starfsþróun starfsfólks.

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2012 - 2013

Gæðagreinir nr. 6.1 –
 Þátttaka í stefnumótun og
 áætlanagerð

Markmið: Að allir hagsmunaaðilar komi að stefnumótun skólans.	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Halda "þjóðfund" með öllum hagsmunaaðilum	Stjórnendur MB	Haustönn 2013	Tími á sal skólans	Niðurstöður fundar

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2012 - 2013

Gæðagreinir nr. 6.2
Fjármál

Markmið: Að upplýsingamiðlun varðandi fjármál skólans verði áfram góð Að hagnaður skólans verði nýttur til hagsbóta fyrir skólann og starfsfólk	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Að starfsmenn séu upplýstir um fjárhagsstöðu skólans á hverju skólaári. ✓ Nýting hagnaðar verði í samráði við stjórn.	Skólameistari/Fjármálastjóri	Á hverju skólaári.	Starfsmannafundir Samþykki stjórnar	

Lykilþáttur 8: Samstarf

Samstarf - foreldrar

Gæðagreinir 8.1

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Auðveld og opin samskipti.
- ✓ Gott aðgengi foreldra að starfsfólki.
- ✓ Gott umsjónarkerfi.
- ✓ Gott og persónulegt aðgengi að starfsfólki.
- ✓ Foreldrar hafa gott aðgengi að starfsfólki skólans.

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Ólögráða nemendur ættu að hafa umsjónarkennara.
- ✓ Foreldrar mættu láta meira í sér heyra.
- ✓ Starfsfólk veit ekki alveg hvernig samskiptum foreldra og skóla er háttað.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Hafa umsjónarkerfi fyrir alla nemendur undir 18 ára aldri.
- ✓ Efla samskipti við foreldra.
- ✓ Upplýsa betur um samstarf.

Lykilþáttur 8: Samstarf

Samstarf - erlend samskipti

Gæðagreinir 8.2

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Stjórnendur eru jákvæðir.
- ✓ Erlend samskipti auka víðsýni bæði kennara og nemenda.
- ✓ Ágæt reynsla býr í starfsfólki.
- ✓ Almennur áhugi og góð reynsla af erlendum samskiptum.
- ✓ Viljinn til að gera betur er til staðar.

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Erlend samskipti eru óskipulögð.
- ✓ Vantar sýnileika verkefna og tilgang.
- ✓ Vantar aukin áhuga kennara.
- ✓ Tímaskortur og reynsluleysi.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Skipuleggja betur í hverju skólinn tekur þátt og gera samskiptin sýnilegri.
- ✓ Efla samræðu um eðli og tilgang erlendra samskipta.
- ✓ Skýrari stefnumótun varðandi erlend samskipti.
- ✓ Reyna að sinna þessum málaflokki af meiri áhuga.

Lykilþáttur 8: Samstarf

Samstarf - innlend samskipti

Gæðagreinir 8.3

Vegin heildareinkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Frumkvæði kennara er vel tekið.
- ✓ Áhugi starfsmanna á endurmenntun.
- ✓ Frumkvæði kennara metið.
- ✓ Viljinn til að ganga lengra, gera betur.

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Vantar betra skipulag og yfirsýn.
- ✓ Mætti auka samvinnu kennara á svæðinu eða víðar.
- ✓ Þéttara samstarf, opnari samskipti.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Koma á fót sameiginlegum vettvangi með kennurum úr nærliggjandi skólum.
- ✓ Deila upplýsingum og hugmyndum enn betur.

Lykilþáttur 8: Samstarf

Samstarf - nefndir og ráð

Gæðagreinir 8.4

Vegin heildareinkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Bein og auðveld samskipti
- ✓ Samfélagið - gott upplýsingaflæði.

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Skólanefnd er ekki faglegur bakhjarl skólastjórnar.
- ✓ Skólanefnd ótengd.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Skólanefnd/skólastjórn sýni skólastarfinu meiri áhuga.

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2012 - 2013

Gæðagreinir nr.
 8.1 – Samstarf -
 foreldrar

Markmið: Að eiga gott samstarf við foreldra Að allir aðilar séu vel upplýstir um foreldrasamstarf	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Efla samskipti við foreldra - fundir ✓ Upplýsa betur um foreldrasamskipti ✓ Hafa umsjónarkerfi fyrir alla nemendur undir 18 ára aldri	Skólastjórnendur/ umsjónarkennarar	Vorönn 2013 Haustönn 2013	Hafa reglulega samband við foreldra Setja umsjón á fleiri nemendur	Skrá samskiptin Skoða umsjónahópa

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2012 - 2013

Gæðagreinir nr.
 8.2 – Samstarf -
 erlend samskipti

Markmið: Að eiga gott samstarf við erlenda skóla Að allir aðilar séu vel upplýstir um samstarf við erlenda skóla	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Efla samræðu um eðli og tilgang erlendra samskipta ✓ Skipuleggja betur í hverju skólinn tekur þátt og gera samskiptin sýnilegri	Skólameistari og kennarar sem sjá um erlend samskipti	Vorönn 2013	Stefnumótandi fundi	Stefna í skólanámskrá

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2012 - 2013

Gæðagreinir nr.
 8.3 – Samstarf -
 innlend samskipti

Markmið: Að eiga gott samstarf við aðra nálæga framhaldsskóla (FSN og FVA) Að eiga gott samstarf við grunnskóla Borgarbyggðar	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Koma á sameiginlegum vettvangi með kennurum úr nærliggjandi skólum	Skólastjórnendur	Vorönn 2013	Viðræður við aðra skólameistara	

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2012 - 2013

Gæðagreinir nr.
 8.4 – Samstarf -
 nefndir og ráð

Markmið: Að eiga gott samstarf við skólastjórn og skólanefnd MB	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Upplýsa skólanefnd/skólastjórn um viðhorf starsfólks til þessara nefnda	Skólameistari	Vorönn 2013	Stjórnarfundur	

Lykilþáttur 1: Námið

Námsbrautir

Gæðagreinir 1.1

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Innleiðingarvinna hefur gengið vel
- ✓ Við erum sífellt að reyna að bæta okkur

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Ekki nógu mikið einstaklingsmiðað nám
- ✓ Við erum of sveigjanleg við nemendur

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Aðlaga námið að einstaklingnum
- ✓ Samræma reglur milli áfanga og kennara

Lykilþáttur 1: Námið

Námsframboð/áfangar

Gæðagreinir 1.2

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Reynum að koma til móts við óskir nemenda
- ✓ Nám við hæfi flestra

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Erfitt að hafa fjölbreytt úrval af valáföngum vegna nemendafjölda
- ✓ Val fábreytt vegna smæðar

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Efla valið, bjóða upp á dreifnám
- ✓ Auka stuðning við slaka nemendur

Lykilþáttur 1: Námið

Námskröfur og reglur

Gæðagreinir 1.3

Vegin heildareinkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Verið að vinna að bættum mætingareglum
- ✓ Metnaðarfullir áfangar
- ✓ Vilji til endurskoðunar og gæðastarfs
- ✓ Þróunarstarf

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Mætingar, því það er hægt að hringja sig inn veikann á auðveldan hátt
- ✓ Margir sleppa í gegn um námið fyrir lítið, of mikil "linkind" í mati
- ✓ Of mikið álag í verkefnayfirferð

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Herða á öllum þáttum
- ✓ Neikvætt að hafa reglur sem ekki eru til neins
- ✓ Áframhaldandi umræður, endurskoðun og rýni varðandi nám, kennslu og mætingareglur
- ✓ Námskröfur séu sanngjarnar en krefjandi - stöðugar og jafnar
- ✓ Að framfylgja reglum, hafa þær einfaldar og skýrar

Lykilþáttur 1: Námið

Ástundun og vinna nemenda

Gæðagreinir 1.4

Vegin heildareinkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Leiðsagnarmat ætti að styrkja nemendur

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Of lítil samþætting

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Brjóta upp - gera námið áhugaverðara eða sætta sig við að svona eru unglingar

Lykilþáttur 1: Námið - tilraunakennsla

Mat á tilraunakennslu eftir nýrri aðalnámskrá

Gæðagreinir 1.5

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Áfangalýsingarnar eru vel unnar miðað við nýja námskrá
- ✓ Sterkar áfangalýsingar
- ✓ Ópið og sveigjanlegt starfsfólk
- ✓ Nálægðin við nemendur og persónuleg samskipti

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Grunnþættirnir eru óljósir í kennslu og starfsháttum
- ✓ Tímaskortur
- ✓ Þekkingarskortur
- ✓ Við erum einyrkjar - smæðin er líka ekki góð.

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Gera grunnþættina sýnilegri í kennslunni
- ✓ Halda námskeið
- ✓ Kynna grunnþættina fyrir nemendum
- ✓ Halda áfram að vinna saman að betri skóla

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaáætlun 2013 - 2014

Gæðagreinir nr. 1.1
 Námið - námsbrautir

Markmið: Að námsbrautir skólans þjóni nemendum vel Að aðlaga námið betur að einstaklingum	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
• Endurskoða námsbrautir m.t.t lokamarkmiða • Að greina þarfir nemenda í hverjum áfanga fyrir sig	Kennarar og stjórn- endur Kennarar	Vor 2013 Allar annir	Samráðsfundi kennara	

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2013 - 2014

Gæðagreinir nr. 1.2
 Námið - námsframboð /
 áfangar

Markmið: Að efla val nemenda Að bjóða upp á dreifnám Að auka stuðning við slaka nemendur	Hvernig vitum við að því er náð?			Yfirumsjón: LSÓ
Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Bjóða upp á aukið námsval nemenda ✓ Efla dreifnám skólans ✓ Auka stuðning við slakari nemendur	Skólastjórnendur Kennarar og skólastjórnendur Skólastjórnendur	Haustönn 2013 Haustönn 2013 Haustönn 2013	Aukið fjármagn og þáttöku nemenda Fjármagn og kennara	Skoða framboð Skoða fjölda stuðningstíma

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2013 - 2014

Gæðagreinir nr. 1.3
 Námið - námskröfur og
 reglur

Markmið: Að hafa reglur einfaldar og skýrar Að framfylgja þeim reglum sem settar eru Að námskröfur séu sanngjarnar en krefjandi - stöðugar og jafnar	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón: LSÓ
---	---	---------------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Breyta og einfalda reglur skólans ✓ Framfylgja reglum sem settar eru ✓ Einhvers konar samráð um námskröfur	Kennarar og skólastjórnendur Kennarar og skólastjórnendur	Haustönn 2013 Haustönn 2013	Kennarafundur Samráðsfundi - samtal á milli kennara	Kanna hvort reglum sé framfylgt

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2013 - 2014

Gæðagreinir nr. 1.4
 Námið - ástundun og
 vinna nemenda

Markmið: Að efla samþættingu á milli námsgreina	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón: LSÓ
---	---	---------------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Brjóta upp hefðbundið nám og efla samþættingu á milli námsgreina	Kennarar og skólastjórnendur	Skólaárið 2013 - 2014	Samráðsfundi - samtal á milli kennara	

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2013 - 2014

Gæðagreinir nr. 1.5
 Námið - tilraunakennsla

Markmið: Að gera grunnþætti menntunar sýnilegri í kennslunni Að kynna grunnþætti fyrir nemendum Að efla þekkingu starfsfólks á grunnþáttum	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón: LSÓ
--	---	---------------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Huga að grunnþáttum í verkefnum og kennsluháttum hvers áfanga ✓ Kynna rækilega fyrir nemendum hugtakið grunnþættir menntunar ✓ Halda námskeið og/eða fyrirlestra um grunnþættina	Kennarar Kennarar Skólastjórnendur	Skólaárið 2013 - 2014 Haustönn 2013 Skólaárið 2013 - 2014	Öflugar kennsluáætlanir Stað og stund	

3.2.8 Matsfundir

Haustið 2011 var tekin upp sú nýbreytni að halda matsfundi með nemendum. Tilgangurinn var að fá betri sýn á hvern áfanga fyrir sig og leyfa nemendum að koma sinni skoðun betur á framfæri við skólastjórnendur (e. Listening to Students' Voices). Með því að nota þessa aðferð teljum við að við fáum raunhæfari mynd af skólastarfinu og þessi leið yrði skilvirkari en hefðbundið kennslumat.

Framkvæmd:

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur. Fundirnir bæði á haust- og vorönn voru framkvæmdir af aðstoðarskólameistara.

- Í byrjun fá nemendur miða í hendur þar sem skrá niður eitt til tvö atriði um það sem þeim þætti jákvætt við áfangann og eitt eða tvö atriði sem mættu betur fara í áfanganum. Sérstaklega tekið fram að nemendur gætu sagt "pass" ef þeir hefðu ekkert sérstakt að segja.
- Áður en byrjað var tilgangurinn með verkefninu útskýrður sem er að bæta skólastarfið og gefa nemendum tækifæri á að koma skoðunum sínum milliliðalaust til skólastjórnenda.
- Nemendur látnir hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar (nafnlausar) á fundi með skólastjórnendum.

Úrvinnsla niðurstaðna:

Eftir að öllum matsfundum var lokið tókum við niðurstöðurnar saman fyrir hvern áfanga. Við kölluðum viðkomandi kennara á fund til okkar eins fljótt og hægt var og kynntum fyrir honum niðurstöðurnar og létum hann hafa útprentaðar athugasemdir. Fórum yfir hvernig við hefðum gert þetta, að við ritskoðuðum ekki orðalag og feitletruðum þær athugasemdir sem oft voru nefndar. Í samtölum við kennara kom fram þeirra upplifun af matsfundunum. Kennarar virtust almennt ánægðir með þessa fundi og voru nokkuð vissir að niðurstöðurnar gæfu þeim betri mynd af kennslunni.

Umsagnir kennara

Matsfundir – nóvember 2012 - Niðurstöður – samræður við kennara

Kostir:

- Gott að fá svona heimsókn, maður þarf ekki að vera viðkvæmur fyrir álitni nemenda.
- Mjög gott að fá þessar upplýsingar til þess að bæta áfangann.
- Alltaf nýir nemendur, gott að skoða hvað má gera betur og ég reyni að vinna útfrá því.
- Mér finnst svona heimsóknir frá stjórnendum vera eðlilegur partur af innra mati skólans.
- Gott að fá svona niðurstöður þá sér maður það sem nemendur ekki segja en kannski hugsa.
- Gott að fá svona mat það segir ákveðna hluti.
- Svona mat hjálpar mér að bæta áfangann.
- Mér finnst svona mat allt í lagi, eiginlega bara gott.

Gallar:

- Engir gallar á þessu fyrirkomulagi (matsfundir) komu fram í samræðum við kennara.

Umsagnir kennara

Matsfundir – apríl 2013 - Niðurstöður – samræður við kennara

Kostir:

- Ég tek alltaf mark á því sem betur má fara. Það er alltaf hægt að bæta sig.
- Mjög gott að fá þessar upplýsingar til þess að bæta áfangann.
- Alltaf nýir nemendur, gott að skoða hvað má gera betur og ég reyni að vinna útfrá því.
- Þetta er góð aðferð sem gefur mikilvægar upplýsingar.
- Gott að fá svona niðurstöður þá sér maður það sem nemendur ekki segja en kannski hugsa.

Gallar:

- Engir gallar á þessu fyrirkomulagi (matsfundir) komu fram í samræðum við kennara.

Ætlunin er að halda þessu áfram til þess að fá samanburð á milli skólaára. Næsta skólaár er þó fyrirhugað að taka ekki alla áfanga í einu heldur skipta þeim á milli anna.

3.2.9 Skólafundur

Á vorönn 2013 (maí) var haldinn skólafundur í þjóðfundarstíl. Markmiðið með fundinum var að starfsfólk og nemendur settust saman og ræddu það sem betur mætti fara í skólastarfinu. Niðurstöðurnar verða síðan notaðar í stefnumótunarvinnu sem fram fer á haustmánuðum. Fundurinn var vel heppnaður og telja bæði nemendur og kennarar að fundir í þessum stíl séu afar gagnlegir.

Helstu niðurstöður

- Hafa fleiri námsvæna staði um skólann til að læra á.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir, ekki bara kennslubók og verkefni úr henni. Jafnari dreyfingu náms. Nota Moodle meira – virkja það betur. Of mikið lesefni. Nýta náttúru og umhverfi meira í kennslu. Málabraut – listabraut hestabraut- meira verklegt. Grunnám fyrir iðnnám. Meira úrval af valáföngum.
- Meiri hreyfingu – sund – dans – íþróttir- smíðjur – verklegar geinar s.s. tré – leður saumur – nýsköpun.
- Meira metið, t.d. úr öðrum skólum og fyrir afreksfólk
- Starfskynningar – eykur víðsýni til starfa og eykur þekkingu á því sem fólk vill og vill ekki gera.
- Auka heimanámsaðstoð – til dæmis 11:20 á fimmtudögum. Meira traust gagnvart nemendum. Ekki sjúkrapróf í lok annar – símat. Kenna kennurum á Moodle. Gefa meiri séns í sumum áföngum með mætingu og verkefnaskil. Skrá mætingu þannig að ekki komi fjarvist í árekstrum.
- Heimavist gefur kost á að kynnast fleirum og búa sjálfstætt. Fínt pláss hér hinumegin – öðruvísi en á hosteli. Ná góðum samningum við hostelið
- Sauðburðarfrí !! Nemendur ættu að geta unnið sér inn fyrir því með góðri mætingu og námsárangri.
- Hver og einn – óháð aldri, ætti að geta sótt um að vera með frjálsa mætingu þ.e ef hann uppfyllir ákveðnar kröfur. Ekki fella nemendur á mætingu ef skólaeinkunn er í lagi. Fá einingu fyrir skólablaðið – mikil vinna. Aðskilja skólablaðið frá NMB.
- Hressari og jákvæðari stjórn NMB – skapar betra og skemmtilegra félagslíf, meiri virkni nemanda. Hópfirðir og hópefli. gistiferðir – skíðaferð. Reyna að auka samheldni í félagslífi – tengja félagslíf við skólatíma, ath hvort það eykur aðsókn. Standa við loforð sem gefin eru eða takmarka þau. Leikrit ekki á vegum skólans. Of fámenn böll, fá hljómsveit ekki bara DJ – halda böll oftari. Þemadag sem endar á balli með frægri hljómsveit. Kaffihúsakvöld, Böllin í Valfell, Lokaball, West side – River rafting ferð. Rútur á böll á Skaganum – Snæfellsnesi og Mosó.
- Betri aðstöðu fyrir tónlistarfólk og meira svigrúm – betri búnað. Námskeið í framandi matargerð, framkomunámskeið, hárgreiðsla. Dekur- og stelpukvöld. Gönguhóp.

- Handþurrkur á salerni, bækur á bókasafn, stillanleg borð, fjölga fjöltengjum í stofum
- Laga gangstíg upp á Borgarbraut – taka tréð sem er og fá stiga + handrið. Stubbahús á bílastæði – alltof mikill subbuskapur sem þyrfti að bæta. Planta trjám, bekki á lóð, mörk, trampolín . Gróðurhús.
- Sjoppa og posi, vera með meira úrval heldur en skyr og samlokur. Hafa posa í mötuneyti. Salatbar. Minna á mötuneytið – nota skjáinn niðri. Ávaxtastund eða ávaxtabakka. Aðra möguleika í morgunmat.. Kaffi og kakósjálfsala.
- Flokkunartunnur – lífrænt og blaðagáma

3.3 Skýrslur

3.3.1 Námsráðgjöf

Skýrsla námsráðgjafa 2012 - 2013 (sjá fylgiskjöl)

3.3.2 Fagstjórn

Skýrslur fagstjóra 2012 - 2013 (sjá fylgiskjöl)

4 - Samantekt og næstu skref

Vinna við sjálfsmat MB hefur gengið ágætlega en betur má ef duga skal. Stöðugt er verið að leita leiða til að bæta og þróa skólastarfið. Næsta skref í þróun sjálfsmats Menntaskóla Borgarfjarðar er að ljúka við að aðlaga gæðagreina að starfsemi skólans þannig að sjálfsmatsáætlun skólans verði heildstæð. Á haustdögum 2013 verður farið í stefnumótavinnu með öllum hagsmunaaðilum skólans.



5 - Lokaorð

Öll starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar miðar að því að gera góðan skóla betri. Skólastarfið er í stöðugri þróun og allt starfsfólk skólans hefur lagt sitt af mörkum til að efla starfið enn frekar. Viðhorf kennara til sjálfsmats eru afar jákvæð og þeir eru mjög virkir í allri faglegri umræðu og sjálfsskoðun. Næsta skólaár hefst vinna við stefnumótun og endurskoðun á markmiðum skólans.



Í þessari sjálfsmatsskýrslu er dregið saman það helsta sem gert hefur verið á skólaárinu 2012 – 2013. Sjálfsmatsskýrslan sjálf getur ekki orðið tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum sem tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar dregur hún upp ákveðna mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til að bæta skólastarfið.

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2012 komu 73 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 121. Að auki voru fjölmörg viðtöl tekin símleiðis og eru þau ekki skráð sérstaklega. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á haustönn 2012.



Á vorönn 2013 komu 75 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 122. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á vorönn 2013.



Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa

Á haust- og vorönn var námsráðgjafi í 40% stöðuhlutfalli.

Ástæður ráðgjafar

Flestir nemendur sem koma í viðtöl eru að leita sér upplýsinga um námið, námsframvinduna og námsáætlanagerð. Hópur nemenda kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra s.s. vegna kvíða, sértækra námserfiðleika, erfiðleika í samskiptum o.fl. Nemendur starfsbrautar koma reglulega í viðtöl í almennt spjall um líðan þeirra og gengi í skólanum. Nokkuð er um að fólk utan skólans komi í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um skólann og möguleika þess á að hefja nám í MB.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Verkefni náms- og starfsráðgjafans snúast nánast eingöngu um viðtöl við nemendur en fræðsluþáttur náms- og starfsráðgjafa í skólanum er minni. Námsráðgjafi kennir lífsleikni sem er 5 vikna námskeið á haustönn í námstækni og sækja allir nýnemar þann áfanga. Flestir nemendur koma í viðtöl til að fá upplýsingar um námið sitt og námsframvinduna og fengu þeir aðstoð við að gera námsáætlun, markmiðsetningu og að skipuleggja það sem eftir er af náminu. Einnig leita nemendur mikið til námsráðgjafa varðandi upplýsingar um annað nám þ.m.t. háskólanám og þá sérstaklega stúdentsefnin. Fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma eru einnig nokkuð miklar. Námsráðgjafi heldur utan um allar greiningar nemenda og miðlar helstu upplýsingum til kennara um einstaka nemendur.

Námsráðgjafi situr samráðsfundi með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum, sálfræðingi og fleiri.

Á vorönn var farið af stað með nýja námsbraut, framhaldsskólabraut, og tók námsráðgjafi þátt í að móta hana og aðstoða við áfangalýsingar og fleiri verkefni sem tengdust þeirri vinnu. Einnig fylgdist námsráðgjafi með stöðu mætinga þeirra nemenda sem ekki höfðu umsjónarkennara og sá um að þeir fengju aðvörun bréfleiðis ef staða þeirra stefndi í óefni og eða að þeir væru boðaðir í viðtal til skólameistara/aðstoðarskólameistara eftir þörfum.

Á seinni hluta vorannar hófst undirbúningsvinna fyrir opnun framhaldsskóladeildar í Búðardal sem Menntaskóli Borgarfjarðar hefur tekið að

sér að sjá um. Í apríl fór námsráðgjafi til Búðardals og var með viðtöl fyrir þá sem höfðu áhuga á að kynna sér þetta tækifæri til náms betur.

Námsráðgjafi tók þátt í vinnu við gerð nýrra áfangalýsinga við skólann og sat fundi um innleiðingu grunnþátta í kennslu skv. nýrri aðalnámskrá.

Í febrúar fór námsráðgjafi ásamt aðstoðarskólameistara og nemendum úr stjórn nemendafélagsins í skólaheimsóknir í Grunnskólann í Borgarnesi, Varmalandsskóla, Kleppjárnsreykjaskóla, Laugagerðisskóla og Auðarskóla. Þar var skólinn kynntur og spjallað við nemendur í 10. bekkjum. Þessar heimsóknir er mjög mikilvægar því nauðsynlegt er að kynna skólann okkar sem allra best. Þessum sömu nemendum var síðan boðið í heimsókn til okkar á vordögum og að mínu mati var sú heimsókn vel heppnuð og gott fyrir væntanlega nemendur að „máta“ sig við skólann og kynnast aðstæðum betur og þá sérstaklega fyrir nemendur sem eru óöruggir í nýjum aðstæðum. Þó skal haft í huga að þetta heimboð okkar þyrfti að vera fyrir á önninni svo að nemendur hafi betri tíma til að kynna sér hvað skólinn býður upp á.

Nokkrir nemendur tóku áhugasviðspróf, þó færri en árið áður. Prófið var lagt fyrir í einstaklingsviðtölum og unnið úr niðurstöðum á sama tíma

Að brautskráningu lokinni aðstoðar námsráðgjafi við hin ýmsu störf er tengjast frágangi skólaársins og innritun nýrra nemenda, ásamt því að taka viðtöl við fólk sem enn er ekki búið að ganga frá sínum málum varðandi áframhaldandi nám.

Borgarnesi 13. júní 2013

Elín Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Skýrslur fagstjóra

Tungumál:

Skýrsla fagstjóra tungumála – vor 2013

Anna Guðmundsdóttir tók við hlutverki fagstjóra tungumála í mars 2013 en fagstjóralaust hafði verið frá upphafi skólaárs 2011.

Tungumálakennarar við Menntaskóla Borgarfjarðar eru:

- Agnes Hansen danska
- Anna Guðmundsdóttir íslenska
- Ingibjörg Ingadóttir enska
- Jón Ásgeir Sigurvinsson þýska
- Lilja S. Ólafsdóttir íslenska
- Nelita Vasconellos enska og spænska

Kennsla og önnur störf

Íslenska 404 varð að skylduáfangi á vorönn en hafði áður verið valáfangi.

Á vorönn var hafin kennsla í þýsku sem þriðja tungumáli við hlið spænsku. Óverulegar breytingar urðu á námsefni annarra tungumálaáfanga á vorönn.

Tungumálakennarar unnu ásamt öðrum kennurum skólans að því að reikna út vinnuframlag nemenda í einstökum áföngum og að greina hvernig grunnþættir menntunar birtist í námsframboði skólans. Einnig var farið yfir áfanga með hliðsjón af hæfniprepum til þess að ganga úr skugga um að áfangarnir ættu ábyggilega heima á viðkomandi hæfniprepum.

Námsmat og kennsluaðferðir eru í stöðugri endurskoðun og þróun.

Nám og endurmenntun

Anna Guðmundsdóttir sótti eTwinning námskeið hjá Endurmenntun HÍ í maí 2013.

Jón Ásgeir Sigurvinsson lauk kennsluréttindanámi frá Háskóla Íslands í maí 2013.

Nelita Vasconellos stundaði fjarnám í sálfræði við Háskólann á Akureyri skólaárið 2012 - 2013.

Næsta ár

Einhverjar breytingar munu verða á kennarahópi í tungumálum haustið 2013. Fyrirhugað er að nota tölvuleiki við kennslu í byrjunaráfanga í spænsku. Aðrar breytingar eru ekki í sjónmáli að svo stöddu.

Samfélagsgeinar:

Skýrsla fagstjóra samfélagsgreina skólaárið 2012-2013

Kennsla

Ívar Örn Reynisson, kenndi félagsfræði, sögu og kynjafræði og Kristján G. Arngrímsson kenndi heimspeki, siðfræði, uppeldisfræði og sálfræði. Elín Kristjánsdóttir sá um Mentor-verkefnið, Helga Karlsdóttir sá að mestu um viðskiptagreinar og upplýsingatækni.

Mannabreytingar

Í samfélagsgreinum verða engar mannbreytingar fyrir skólaárið 2013-2014.

Menntun og endurmenntun

Ívar Örn Reynisson lauk M.Ed-gráðu í kennslufræðum frá HÍ. M.Ed verkefnið hans heitir *Framsækið skólastarf*. Einnig sótti hann ráðstefnu í Póllandi í desember 2012 sem fjallaði um mannréttindi. Kristján G. Arngrímsson kynnti sér nýtt kennsluefni í siðfræði og tók upp nýja nálgun í faginu. Helga Karlsdóttir fann ekki endurmenntun á skólaárinu.

Kennsla og skólaárið

Kennsla var með hefðbundnu sniði. Eins og á öðrum kennslusviðum skólans var unnið að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og telja kennarar samfélagsgreina sig helst sinna lýðræði, mannréttindum og jafnrétti. Nýjar áfangalýsingar voru unnar og settar í gagnagrunn Menntamálaráðuneytis. Leiðsagnarmat lifir góðu lífi innan samfélagsgreina og próf eru fremur sjaldséð. Mikið er lagt upp úr rannsóknarverkefnum og almennri verkefnavinnu.

Kynjafræði var kennd í fyrsta sinn á vorönn. Áfanginn var settur inn í stað listaáfangans sem hefur verið umdeildur undanfarin ár. Um var að ræða tvo hópa á öðru ári sem fengu fjórar kennslustundir vikulega.

Bókalistar voru að mestu hefðbundnir.

Næsta ár

Fyrirséð er að kennarar í samfélagsgreinum munu vinna að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Eins og fyrr segir eru helstu grunnþættir samfélagsgreina mannréttindi, lýðræði og jafnrétti. Kennarar á sviðinu munu leita leiða til að innleiða þessa þætti í auknum mæli í kennslu sína.

Raungreinar:

Skýrsla fagstjóra náttúrufræðigreina skólaárið 2012 – 2013

Kennsla

Bjarni Þór Traustason: stærðfræði og eðlisfræði

Þóra Árnadóttir: náttúrufræði, efnafræði (á haustönn) og jarðfræði (á vorönn).

Vigdís Guðjónsdóttir: stærðfræði (stundakennari á vorönn)

Jóhann Freyr Jóhannsson stærðfræði (stundakennari á haustönn)

Finnbogi Rögnvaldsson: efnafræði (stundakennari á vorönn).

Mannbreytingar í náttúrufræðigreinum

Stundakennurum fækkar – Bjarni tekur að sér alla stærðfræðikennslu á haustönn og að öllum líkindum tekur Þóra að sér efnafræðikennslu á vorönn.

Menntun og endurmenntun

Þóra sótti eftirfarandi endurmenntunarnámskeið:

Vistfræði Vestmannaeyja 10.-12. júní 2013.

Bjarni sótti haust- og vorfundir forvarnarfulltrúa.

Kennsla og skólaárið

Ein breyting verður á bókalista greinanna fyrir næsta kennsluár. Kennd verður ný bók í einum 6 eininga áfanga fyrir nemendur í Félagsfræðadeild.

Námsmat er í stöðugri endurskoðun svo og kennsluaðferðir.

Raungreinakennarar unnu ásamt öðrum kennurum skólans að innleiðingu nýrrar Aðalnámskrá framhaldsskóla. Þeirri vinnu er að mestu lokið.

Náttúrufræðistofan

Innkaupum fyrir náttúrufræðistofu er haldið í lágmarki. Efniskaup í verklegar æfingar eru þó alltaf einhver. Finnbogi efnafræðikennari fékk mikið af tækjum og efnum að láni frá Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi og gat þar með sinnt helstu verklegum æfingum fyrir EFN 204.

Margt að því sem notað er í verklegri náttúrufræði kemur beint frá búi kennara t.d. hráefni til krufninga (hjörtu, nýru, lungu og fleira úr lömbum svo og fiskur).

Erlent samstarf

Tveir kennarar frá Nils Fredriksson-utbildning Svedala Svíþjóð komu til okkar í janúar og unnu með Þóru að undirbúningi að nýju samstarfsverkefni skólanna og í kjölfarið var send umsókn til Nordplus Junior. Því miður var henni hafnað.

Í apríl fengum við heimsókn frá samstarfsskóla okkar í Kalmar í Svíþjóð. Við fengum því miður ekki Nordplusstyrk á síðasta ári en skólinn í Kalmar leggur mikið uppúr þessum námsferðum og styrkir sína nemendur til heimsókna.

Það var því úr að hópur frá Kalmar heimsótti okkur í apríl síðast liðnum og dvaldi í 4 daga. Um var að ræða 17 nemendur af náttúrufræðideild ásamt 4 kennurum. Nemendur á náttúrufræðibraut í MB tóku sænsku nemana inn á sín heimili og aðstoðuðu við undirbúning vettvangsferða sem farnar voru á meðan heimsókninni stóð.

Samstarf sem þetta þroskar nemendur okkur á marga vegu (afar þverfaglegt), við erum að efla félagsþroska þeirra, auka þekkingu í náttúrufræðum og sögu, eflum áhuga á erlendum tungumálum (sænsku, ensku), erlendri menningu og náttúru, ýtum undir notkun ensku/sænsku í samskiptum (nem. skila verkefninu á ensku og samskipti flestra eru á ensku).

Næsta ár

Þrátt fyrir neikvæð svör Nordplus Junior um styrk til samstarfs við menntaskólann í Svedala þá verður því samstarfi haldið opnu. Báðir skólarnir eru áhugasamir og fullvissir um ágæti verkefnisins. Samvinna MB og CIS í Kalmar Svíþjóð heldur vonandi einnig áfram og verður farið á fullt á nýju skólaári að útbúa nýtt verkefni og sækja um styrk til Nordplus Junior.

Áfam verður lögð verður áhersla á umhverfismál og Grænfánaverkefnið. Umhverfisnefnd skólans mótar framhaldið í þessum efnum á reglulegum fundum og sendir nýja ósk um úttekt til Landverndar á komandi starfsári. Markmiðið er Grænfáni sem fyrst.

Þóra Árnadóttir
fagstjóri náttúrufræðigreina
Menntaskóla Borgarfjarðar